

REGLUGERÐ

um gerð og búnað reiðhjóla.

1. gr. *Gildissvið*

Reglugerð þessi gildir um ökutæki á tveimur til fjórum hjólum sem er knúið áfram með stig- eða sveifarbúnaði og notað er m.a. í almennri umferð.
Reglugerð þessi gildir ekki um reiðhjól sem flokkað er sem leikfang.

2. gr. *Rafdrifið reiðhjól*

Búa má reiðhjól rafknúnni hjálparvél sem veitir stuðning við og stjórnast af stig- og sveifarbúnaði hjólsins. Samfellt hámarksafl vélar má vera 0,25kW og skal það minnka smám saman og stöðvast alveg þegar hjólið hefur náð hraðanum 25 km á klst. eða fyrr ef hjólreiðamaðurinn hættir að stíga hjólið.

3. gr. *Lýsing, glitmerki og hljóðmerki*

Reiðhjól skal búið a.m.k. einu glitauga að framan og einu glitauga að aftan og tveim glitaugum á sitt hvorri hlið hjólsins, á gjörðum, fótstigum eða í teinum.

Á eftirvagni og hliðarvagni reiðhjóls og á reiðhjóli með tvö hjól á sama ási skulu vera tvö samstæð glitaugu.

Glitaugu að framan skulu vera hvít eða gul. Glitaugu að aftan skulu vera rauð, en á hliðum gul eða hvít.

Reiðhjól sem notað er í myrkri eða við aðstæður þar sem skyggni er skert skal ásamt glitaugum vera búið ljósi í sama lit og glitaugu að framan og að aftan, sem lýsir vel án þess að valda glýju. Ljós skulu vera sýnileg í a.m.k. 300 m fjarlægð og mega blikka. Ljósín skulu fest þannig að þau færist ekki úr stað með stýri.

Heimilt er að búa reiðhjól, og hliðar- og eftirvagn þess, fleiri glitaugum en að framan greinir en ekki öðrum ljósum.

Reiðhjól skal búið bjöllu með skýrum tón og skal hún fest á stýri. Reiðhjól skal ekki búið öðrum hljóðmerkjagjöfum.

4. gr. *Öryggi farþega*

Reiðhjól, og hliðar- og eftirvagn þess, sem er hannað til að flytja farþega, skal hafa öryggisbúnað fyrir hvern farþega sem skýlir þeim fyrir hjólateinum eða afturdekki, auk þess að hafa öryggisbelti. Sérstakt sæti fyrir barn skal hæfa þyngd þess og stærð hverju sinni.

5. gr. *Hemlar*

Reiðhjól skal búið að minnsta kosti tveimur sjálfstæðum hemlum sem virka á framhjól annars vegar og afturhjól hins vegar.

Hemlar skulu virka við hvaða aðstæður sem er án þess að veður eða aðrir utanaðkomandi þættir hafi teljandi áhrif á virkni þeirra.

Reiðhjól með fleiri en tvö hjól, t.d. reiðhjól sem hannað er til vöruflutninga, skal útbúið stöðuhemli sem getur haldið reiðhjólinu kyrru sé því lagt í brekku.

6. gr.
Viðurlög

Um viðurlög vegna brota gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

7. gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 57/1994 um gerð og búnað reiðhjóla.

Innanríkisráðuneytinu,

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Greinargerð

Almennt

Með drögum þessum er lögð til ný heildarreglugerð um gerð og búnað reiðhjóla. Um nokkurt skeið hefur staðið til að endurnýja núgildandi reglugerð frá árinu 1994 enda ljóst að reiðhjólum hefur fjölgað mikið á Íslandi og notkun þeirra aukist verulega. Ákveðin hjólreiðamenning hefur verið að skapast hér á landi t.a. m. með tilkomu sérstakra reiðhjólástíga.

Við gerð draganna hefur verið horft til danskra reglna um gerð og búnað reiðhjóla sem og sænskra reglna.

Athugasemdir við einstök ákvæði

Um 1. gr.

Með 1. gr. er gildissvið reglugerðarinnar afmarkað við reiðhjól í hefðbundnum skilningi sem knúin eru áfram með stig- og sveifarbúnaði og hliðsjón höfð af skilgreiningu umferðalaga á reiðhjóli. Til samræmis við danskar reglur er tekið fram að reiðhjól geti ekki verið á fleiri en fjórum hjólum.

Rétt er að geta þess að afmörkun 1. gr. þýðir það að þau ökutæki sem falla undir c-lið skilgreiningar reiðhjóls í 2. gr. umferðarlaga, eru ekki undir gildissviði reglugerðarinnar. Hér er nánar tiltekið átt við ökutæki á borð við vélknúið hlaupahjól, tvíhjóla ökutæki á einum öxli og hjólástól sem er ekki hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst. Þær reglur sem reglugerðin kveður á um eru ekki taldar eiga við um umrædd ökutæki og því sé rétt að halda þeim alfarið utan gildissviði hennar.

Einnig er tekið fram að reglugerðin gildi ekki um reiðhjól sem flokkað er sem leikfang. Verður að telja slík reiðhjól, sem gerð eru fyrir ung börn, annars eðlis en þau sem reglugerðinni er ætlað að taka á og að meginstefnu séu þau ekki notuð í almennri umferð. Um það hvaða reiðhjól teljast leikföng, fer eftir afmörkun þeim reglum sem um slíkt gilda á hverjum tíma. Nú er hana að finna í 4. tl. I. viðauka reglugerðar nr. 944/2015 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 2. gr.

Hér er um nýmæli að ræða í samræmi við nýlegar breytingar á umferðarlögum þar sem nú er sérstaklega kveðið á um reiðhjól með rafknúinni hjálparvél í b-lið skilgreiningu reiðhjóla í 2. gr. laganna. eru skilyrði 2. gr. reglugerðarinnar í fullu samræmi við áður nefnda skilgreiningu umferðarlaga.

Um 3. gr.

Lagt er til að núgildandi 4. gr. um ljós og glitmerki verði gerð ítarlegri ásamt því að bætt er við reglum sem snúa að eftirvögnum og hjólum með fleiri en tvö hjól.

Eftir sem áður er ljósanotkun bundin við myrkvaðar aðstæður eða skert skyggni. Skal ljósið lýsa nægjanlega vel til þess að vera undir venjulegum kringumstæðum sjáanlegt í a.m.k. 300 m fjarlægð og þannig gerð að þau valdi ekki glýju eða séu blindandi. Heimilt er að hafa ljós sem blikka en ekki er talin ástæða til þess að gera sérstaka kröfu um blikktíðni líkt og gert er t.d. í Danmörku. Um langt skeið hafa blikkljós verið notuð á Íslandi. Þá er lagt til að tilgreint sé að reiðhjól skuli búið hljóðgjafa. Krafa um að bjalla skuli fest á stýri er til þess fallin að ganga úr skugga um að ökumaður reiðhjóls hafi bjölluna alltaf nærri höndum sínum og geti stjórnað henni fljótt við allar aðstæður.

Um 4. gr.

Lagt er til að 4. gr. reglugerðarinnar fjalli um öryggi farþega og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 5. gr.

Efnislega er ákvæðið að miklu leyti samhljóða því sem nú gildir. Þó bætist við krafan um að hemlar skuli vera þannig gerðir að þeir virki við allar aðstæður. Einnig bætist við það nýmæli að hjól sem hefur fleiri en tvö dekk, þ.e. þríhjól eða reiðhjól með fjórum hjólum, skuli hafa stöðuhemil á dekkjum sem bera hleðslu. Er þetta mikilvægt í ljósi þess að til eru reiðhjól með farangursgeymslu sem geta þar af leiðandi haft verulegan skriðþunga. Fari svo að slíkum hjólum sé lagt þarf að vera hægt að festa hemla svo þau fari ekki af stað sjálfkrafa. Er þetta í samræmi við það sem er í dönskum reglum

Um 6. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.